

## Ríkisendurskoðun hlýtur alþjóðlega viðurkenningu

Ríkisendurskoðun var nýlega veitt viðurkenning fyrir grein sem birtist í tímariti alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana, INTOSAI, á síðasta ári. Sigurður Þórðarson, ríkisendurskoðandi, tók á móti viðurkenningunni á aðalfundi samtakanna sem haldinn var í Seoul, höfuðborg Suður-Kóreu, í síðustu viku. Viðurkenningin er veitt af stjórn INTOSAI á þriggja ára fresti fyrir grein sem birt er í tímariti samtakanna og þykir að mati dómnefndar skara fram úr. Dómnefnd var skipuð fulltrúum frá Bandaríkjunum, Canada, Venesuela, Indlandi og Túnis. Greinin sem um ræðir birtist í fyrra og fjallaði um úttekt bresku ríkisendurskoðunarinnar, National Audit Office (NAO), á skipulagi og starfsháttum Ríkisendurskoðunar.



**Sigurður Þórðarson, ríkisendurskoðandi tekur við viðurkenningunni úr hendi Davids Walker, ríkisendurskoðanda Bandaríkjanna.**

Viðurkenningin er veitt í minningu Elmer B. Staats, sem var ríkisendurskoðandi Bandaríkjanna á árunum 1966-1981. Staats er kunnur fyrir að hafa beitt sér fyrir margvíslegum breytingum á starfsháttum og innra skipulagi bandarísku ríkisendurskoðunarinnar, General Accounting Office (GAO), á þeim tíma sem hann sat í embætti. Á þeim tíma sem hann stýrði starfi GAO jukust umsvif stofnunarinnar og starfsemin færðist yfir á ný svið. Hann beitti sér einnig fyrir því að stórefla tengsl GAO við bandaríska þingið og auka þjónustu stofnunarinnar við þingnefndir. Í tíð Staats voru stigin veigamikil skref í þá átt að herða eftirlit með útgjöldum bandaríska alríkisins og auka ábyrgð

stjórnenda á fjárreiðum og rekstri. Staats var einnig mikilvirkur í starfi INTOSAI og var m.a. ritstjóri tímarits samtakanna um tíma.

Alls sóttu rúmlega 500 fulltrúar aðalfund samtakanna að þessu sinni, frá 144 ríkjum og 14 alþjóðastofnunum. Að auki voru forseti þings Suður-Kóreu og borgarstjórinn í Seoul viðstaddir afhendingu viðurkenningarinnar. Verðlaunagreinin er hverju sinni valin úr hópi allra þeirra greina sem birtar eru í tímariti samtakanna, *International Journal of Government Auditing*, á þriggja ára tímabili. Greinarnar eru metnar út frá því hversu vel þær uppfylla tiltekin skilyrði, þar á meðal hvort þær miðli nýrri faglegri þekkingu og hvort upplýsingar sem þær koma fram nýtist í starfsemi aðildarstofnana samtakanna. Viðurkenninguna afhenti bandaríski ríkisendurskoðandinn en hann er formaður dómnefndarinnar

Verðlaunagrein Ríkisendurskoðunar ber heitið “Auditing the Auditor: A Peer Review of the Icelandic National Audit Office”. Þar er fjallað um úttekt sem breska ríkisendurskoðunin gerði á starfsemi Ríkisendurskoðunar árið 1997, að beiðni ríkisendurskoðanda. Fjallað er um aðdraganda málsins, ástæður þess að farið var fram á úttekt, og rakið í stuttu máli hvernig staðið var að vinnu við úttektina. Einnig eru helstu niðurstöður úttektarinnar raktar en þær voru birtar í sérstakri skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út árið 1997. Í heild gaf NAO mjög jákvæða umsögn um stjórnskipulag og starfshætti Ríkisendurskoðunar en jafnframt var bent á ýmis atriði sem betur mættu fara.

INTOSAI eru samtök ríkisendurskoðana 183 landa um heim allan og hafa verið starfandi síðan 1953. Aðalfundur samtakanna er haldinn þriðja hvert ár og hefur veiting Elmer B. Staats-viðurkenningarinnar verið fastur liður í dagskrá fundarins síðan árið 1983. Tímarit samtakanna er birt ársfjórðungslega á fimm tungumálum: Ensku, spænsku, frönsku, þýsku og arabísku.